



BORGARSKJALASAFN  
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 449

**Brandur Tómasson**  
**og**  
**Jónína M. Gísladóttir**

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

[www.borgarskjalasafn.is](http://www.borgarskjalasafn.is) / [borgarskjalasafn@reykjavik.is](mailto:borgarskjalasafn@reykjavik.is)

*Einkaskjalasafn nr. 449*

**Brandur Tómasson**  
**og**  
**Jónína M. Gísladóttir**

Inngangur

Brandur Tómasson fæddist á Hólmavík 21. september 1914. Foreldrar hans voru Ágústa Lovísa Einarsdóttir, húsfreyja og kennari, fædd 9. ágúst 1879, dáið 15. mars 1941 og Tómas Brandsson bóndi og verslunarmaður fæddur 17. mars 1883, dáið 8. júní 1966. Systur hans voru þær Valgerður fædd 1913, Kristín fædd 1916 og Elsa fædd 1920. Allar eru þær búsettar í Reykjavík. Hinn 12. júlí árið 1942 kvæntist Brandur eftirlifandi eiginkonu sinni, Jónínu Margréti Gísladóttur af Bergsætt, fædd 6. mars 1921 í Reykjavík. Foreldrar hennar voru Grímheiður Elín Pálsdóttir, húsfreyja fædd 1895, dáið 1986 og Gísli Jóhannsson iðnaðar- og sjómaður fæddur 1891, dáið 1978. Brandur og Jónína eignuðust fimm börn: Grímur Hreiðar fæddur 1942, Tómas Jón fæddur 1946, Ágústa Lovísa fædd 1949, Garðar Páll fæddur 1953, dáið 1984 og Guðbrandur Gísli fæddur 1966. Brandur lauk burtfararprófi í vélsmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík árið 1937 og sveinsprófi í sömu grein ári síðar frá Landssmiðjunni. Hann stundaði nám í flugvirkjun frá Lufthansa í Þýskalandi og lauk prófi hjá þýska loftferðaeftirlitinu í Berlín árið 1938. Brandur hóf störf hjá Flugfélagi Akureyrar síðar saman ár. Hann tók meistarapróf í vélvirkjun árið 1941 og meistarapróf í flugvirkjun árið 1953. Hann var yfirflugvirki hjá Flugfélagi Íslands um 30 ára skeið og vann síðan almenn flugvirkjastörf hjá Flugfélagi Íslands og síðar Flugleiðum í 18 ár. Hann var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir flugvirkjastörf 1983. Hann hætti störfum hjá Flugleiðum árið 1986. Hann lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli 20. júní 1995.

Grímur sonur Brands Tómassonar og Jónínu M. Gísladóttur kom með albúm í Borgarskjalasafn Reykjavíkur, 10. mars 2011.

Sigríður Ágústsdóttir kom með viðbót við safnið 18. apríl 2011.

## Skjalaskrá

### Askja 1

*Brefkort album. Afmælis- tækifæris- þakkar- og jólakort 1921-1937.*

*Skráð í mars 2011,  
Gréta Björg Sörensdóttir*

Viðbót við safnið 2011.

Mappa: *Ég er að norðan*, eftir Guðmund Gíslason frá Steinholti. Handrit að ævisögu Guðmundar, ljóð o.fl., 1984.

*Skráð í maí 2011,  
Gréta Björg Sörensdóttir*